

Dreifibréf Landlæknisembættisins Nr. 10/2004

Tilkynning frá sóttvarnalækni

Efni: Bólusetning gegn influensu, sbr. dreifibréf nr. 7/2004, dags. 5. apríl 2004

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ráðleggur að influensubóluefni á norðurhveli fyrir tímabilið 2004-2005 innihaldi eftirtalda veirustofna (WHO Weekly Epidemiological Record 2004; 79: 85-92):

- A/Nýju Caledoniú/20/99 (H1N1) – lík veira
- A/Fujian/411/2002 (H3N2) – lík veira*
- B/Shanghai/361/2002 - lík veira**

* Veiran sem notuð er um þessar mundir til bóluefnisgerðar er A/Wyoming/3/2003. A/Kumamoto/102/2002 er einnig tiltæk sem bóluefnisveira.

** Þeir bóluefnisstofnar sem hægt er að nota til bóluefnisgerðar eru B/Shanghai/361/2002 og B/Jiin/20/2003 (sem er B/Shanghai/361/2002 – lík veira).

Hverja á að bólusetja?

- Alla eldri en 60 ára.

- Öll börn og fullorðna sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Starfsfólk heilbrigðisþjónustu og aðra þá sem daglega annast fólk með aukna áhættu.

Heilsugæslustöðvarnar eru hvattar til að kalla sem fyrst inn að hausti til bólusetninga ofanefnda áhættuhópa. Hvatt er til þess að heilbrigðisstofnanir bjóði starfsfólki sínu bólusetningar.

Bólusetning gegn pneumókokkasýkingum

Sóttvarnalæknir vill einnig minna á bólusetningar gegn pneumókokkasýkingum á 10 ára fresti til handa öllum þeim sem eru eldri en 60 ára og á 5 ára fresti fyrir þá sem eru í sérstökum áhættuhópum.

Seltjarnarnesi 15. september 2004,

Sóttvarnalæknir

Ríkisstjórnin kannar nánar heilbrigðiskostnað

DEILUR Hafa risið milli undirritaðs og Hagstofu Íslands um heilbrigðiskostnað Íslendinga í samanburði við margar nágrannaþjóðir. Komið hefur fram að Hagstofan hefur á síðustu árum felld kostnað við lækni- og hjúkrunarþjónustu öldrunarstofnana undir heilbrigðismál. Þetta stangast á við reikningshald annarra OECD-þjóða sem færa þennan kostnað

undir félagsgeirann. Í júlí 2004 skipaði ríkisstjórnin nefnd aðila, meðal annars frá fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Hagstofu Íslands og landlækni, til að kanna betur heilbrigðiskostnað Íslendinga í samanburði við aðrar OECD-þjóðir. Þar af leiðandi má ætla að fyrri útreikningar Hagstofunnar hafi ekki verið traustir.



Ólafur Ólafsson

Höfundur er fyrrum landlæknir og formaður Félags eldri borgara í Reykjavík.